

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 222 19. mars 1962 um heimilishjálp í Reykjavík.

Félagsmálaráðuneytið, 27. september 1979.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Siglufjarðarkaupstað.

1. gr.

Félagsmálaráð Siglufjarðar fer með stjórn heimilishjálpar í Siglufjarðarkaupstað í umboði bæjarstjórnar.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður eða á annan hátt, er félagsmálaráð metur gildan, að hjálpar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

3. gr.

Félagsmálaráð skal jafnan leitast við að hafa til taks nægjanlegt starfslið til heimilishjálpar. Félagsmálaráði ber að ganga úr skugga um, að starfslið það er heimilishjálp stundar á vegum þess, sé hæft til starfsins, hafi t. d. lokið tilskyldu námskeiði eða sýnt hæfni í verki. Það skal leggja fram læknisvottorð.

Um launakjör starfsliðs heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun bæjarráðs og gildandi samningum.

4. gr.

Bæjarsjóður Siglufjarðar ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfslið það er að heimilishjálp vinnur, kann að valda við störf sín.

5. gr.

Félagsmálaráð ákveður hvaða form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skulu notendur greiða eftir gjaldskrá er bæjarráð setur að fengnum tillögum félagsmálaráðs og ráðherra staðfestir. Félagsmálaráð getur veitt eftirgjöf á greiðslum fyrir heimilishjálp að nokkru eða öllu leyti, að fengnu samþykki bæjarráðs.

Félagsmálaráð setur nánari reglur um greiðslu, innheimtu eða annað, er það telur máli skipta í þessu efni.

7. gr.

Bæjarráð veitir félagsmálaráði nauðsynlega fyrirgreiðslu um húsnæði, afnot áhalda og skrifstofustörf.

8. gr.

Félagsmálaráð gerir árlega áætlun um starfsemi heimilishjálpar í Siglufjarðarkaupstað, sem lögð verður fyrir bæjarráð og bæjarstjórn. Einnig gerir hún tillögu um úrskurð reikninga vegna heimilishjálparinnar. Þeir skulu endurskoðaðir árlega á sama hátt og reikningar Siglufjarðarkaupstaðar.

Reglugerð þessi, er bæjarstjórn Siglufjarðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum sbr. lög nr. 34 10. apríl 1974 um breytingar á þeim lögum, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. október 1979.

F. h. r.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Jón Sigurpálsson.

REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Hríseyjar.

1. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur einkarétt til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt og einnig til hafnarinnar í Hrísey.

2. gr.

Frá vatnsæðum vatnsveitunnar má enginn leggja vatnsæðar nema með leyfi vatnsveitunefndar.

3. gr.

Öll framkvæmdastörf er vatnsveituna varðar, annast vatnsveitunefnd í samráði við hreppsnefnd. Vatnsveitunefnd annast um viðhald vatnsveitunnar, endurbætur og umsjón alla. Hreppsnefnd skal heimilt að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar, er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist önnur þau störf vatnsveitunnar, er henta þykir. Vatnsveitunefnd getur löggilt sérstaka vatnsvirkja til að annast viðhald og viðauka við vatnsveituna í samráði við hreppsnefnd, og er þeim skylt að fara í öllu eftir þeim reglum er vatnsveitunefnd setur þar um.

4. gr.

Hreppsnefnd hefur á hendi sér reikningshald vatnsveitunnar og innheimtu gegn hæfilegu gjaldi. Reikningsárið er almanaksárið og skulu reikningar vatnsveitunnar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga og fylgja hreppsreikningum ár hvert.

5. gr.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu vatnsæðar úr aðalæð í hús sín, og annast viðhald þeirra á sinn kostnað.

Skylt er hverjum húseiganda að halda vatnsæðum sínum frá aðalæð vel við og láta tafarlaust gera við þær, er leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess að ekki frjósi í æðunum. Enginn má eyða vatni að óþörfu.